



Launastefna Vopnafjarðarhrepps

Það er stefna Vopnafjarðarhrepps að allir sem starfa hjá sveitarfélaginu hafi jöfn tækifæri í starfi, fái greidd jöfn laun og njóti sömu kjara fyrir sömu eða jafnverðmæt störf óháð kyni eða öðrum málefnalegum sjónarmiðum. Með stefnunni er unnið markvisst gegn kynbundnum launamun, beinni eða óbeinni mismunun á grundvelli kyns og stuðlað að jafnrétti á vinnumarkaði í samræmi við ákvæði laga nr. 150/2020 um jafna stöðu og jafnan rétt kynjanna. .

Jafnlaunastefna

- Jafnlaunastefna er órjúfanlegur hluti af launastefnu sveitarfélagsins og er henni ætlað að tryggja að jafnréttis sé gætt við allar launaákvæðanir. Með því er átt við þá stefnu að greiða starfsfólki jöfn laun fyrir sambærileg eða jafnverðmæt störf samkvæmt skilyrðum jafnréttislaga, ásamt öllum öðrum lögum og reglum sem tryggja að fyllsta jafnréttis sé gætt við launaákvæðanir.
- Allar launaákvæðanir skulu vera gegnsæjar, málefnalegar, skjalfestar og rekjanlegar. Launaákvæðanir eru byggðar á kjarasamningum og viðmiðunarreglum um aukagreiðslur og hlunnindi.
- Til að styðja við þetta markmið er stuðst við starfsmatskerfi sem metur á kerfisbundinn hátt þau störf sem starfsfólk sveitarfélagsins sinnir með tilliti til ábyrgðar, álags og hæfni.
- Æðstu sjórnendur skuldbinda sig til að setja Vopnafjarðarhreppi jafnlaunamarkmið og vinna að stöðugum umbótum, eftirliti og viðbrögðum í samræmi við kröfur jafnlaunastefnu og halda reglulega rýnifundi á jafnlaunakerfinu.
- Komi í ljós launamunur á jafnverðmætum og sambærilegum störfum í launagreiningum eða innri eða ytri úttektum skal rýna niðurstöður úttekta og gera umbætur þegar þess er þörf ef ekki er hægt að rökstyðja launamuninn á málefnalegan hátt.
- Stefna um launajafnrétti og niðurstöður launagreininga skulu kynntar öllum starfsmönnum.

Sveitarstjóri og skrifstofutjóri bera ábyrgð á framfylgd launastefnu þessari, starfrækslu og viðhaldi jafnlaunakerfis Vopnafjarðarhrepps.

Samþykkt á 34. fundi sveitarstjórnar þann 21. janúar 2020.

Uppfært 21. október 2021 með tilliti til nýrra laga.